

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

Fundargerð 2. umdæmisstjórnarfundar í Kiwanisumdæminu Ísland-Færeyjar, starfsárið 2013-2014 haldinn laugardaginn 18. janúar 2014 kl. 10:00 í Kiwanissalnum, Bíldshöfða 12 Reykjavík

Mættir voru: Dröfn Sveinsdóttir umdæmisstjóri, Gunnlaugur Gunnlaugsson kjörumdæmisstjóri/stefnumótunarnefnd, Hjördís Harðardóttir fráfarandi umdæmisstjóri, Hildisif Björgvinsdóttir umdæmisritari, Eyþór K. Einarsson umdæmisféhirðir, Tómas Sveinsson erlendur ritari/tengiliður Færeyjasvæðis/internetnefnd, Bjarni Vésteinsson svæðisstjóri Freyjusvæðis, Björgheðin Jacobsen svæðisstjóri Færeyjasvæðis, Geir Þorsteinsson svæðisstjóri Sögusvæðis, Guðmundur Karl Jóhannesson svæðisstjóri Óðinssvæðis, Jóhanna M. Einarsdóttir svæðisstjóri Ægissvæðis, Stefán R. Jónsson tengiliður við fyrrverandi umdæmisstjóra, Óskar Guðjónsson upplýsinga- og blaðafulltrúi/ritstjóri Kiwanisfrétta, Arnaldur Mar Bjarnason formaður umdæmisþingnefndar, Ástbjörn Egilsson formaður styrktarsjóðs KIF, Haraldur Finnsson formaður hjálmanefndar, Kristján G. Jóhannsson formaður ferðanefndar, Guðmundur Skarphéðinsson formaður útbreiðslu- og fjölgunarnefndar, Arnór L. Pálsson formaður fjárhagsnefndar, Andrés Hjaltason formaður tryggingarsjóðs Kiwanis, Konráð Konráðsson tengiliður við gagnagrunn KI.

Forföll boðuðu: Svavar Svavarsson formaður fræðslunefndar, Sigurgeir Aðalgeirsson formaður laga- og ályktananevndar, Hildur Valsdóttir formaður kvennanevndar.

Gestur: Nicolina Jacobsen Eysturoy.

Dagskrá:

1. Umdæmisstjóri Dröfn Sveinsdóttir setti fund kl. 10:00 og bauð fundarmenn velkomna og óskaði þeim gleðilegs árs þakkaði fyrir samstarfið á síðasta ári. Bað fundarmenn að standa upp og kynna sig, að því loknu stóðu

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

fundarmenn upp og minntust látinna félag. Dröfn skilaði kveðju frá Sigurgeir Aðalgeirssyni til fundarmanna. Bauð þeim sem ekki höfðu skilað skýrslu en væru með skýrslu að lesa hana en enginn óskaði eftir því. Dröfn sagði að framvegis yrðu ekki útprentaðar skýrslur heldur eingöngu sendar í tölvupósti til fundarmanna.

2. Umræður um skýrslur

Dröfn Sveinsdóttir Þakkaði fyrir góðar skýrslur, sagði að svæðisstjórar fengu sendar fundargerðir framkvæmdaráðs og kom inn á neikvæð skrif á netinu.

Jóhanna M. Einarsdóttir Þakkar að fá sendar fundargerðir, óskar eftir puntum til að tala útfrá í heimsóknum til klúbba, kallaði eftir upplýsingum um fjölgunarátak heimsstjórnar og talaði um að lægja öldurnar.

Andrés Hjaltason Bendir á að skila eigi skýrslum á bréfsefni umdæmisins. Spurði svæðisstjóra Óðinssvæðis hvað það væri sem þeir væru að gera fyrir norðan, segir það ekki koma nógu skýrt fram í skýrslu svæðisstjóra.

Óskar Guðjónsson Sagði að það hefði tekið tíma að lesa skýrslurnar, saknaði skýrslu frá ferðanefnd. Hvert á að stefna Evrópuþing , heimsþing 2015. Í skýrslu fjölgunarnefndar vantaði framtíðarsýn hvað er framundan? Góð hvatning til klúbba en vantar plan. Hældi svæðisstjóra Freyjusvæðis fyrir góða skýrslu og hvatti aðra svæðisstjóra til að skila svona skýrslu. Kom inn á umræður í netheimum og taldi að þær ættu ekki heima þar sagði rétt hjá umdæmisstjóra að taka ekki þátt í þeirri umræðu. Þurfum að hugsa okkur um áður en við lækum við þessa umræðu því með því að læka eru þeir sem það gera að taka þátt í umræðunni. Kom inn á skoðunarkönnun sem hann gerði meðal Kiwanisfélag, fáir tóku þátt. Að lokum talaði Óskar um að finna farveg fyrir jákvæða umræðu.

Guðmundur Karl Jóhannesson Þakkaði Óskari fyrir ábendingar um hvernig ætti að gera skýrslu. Sagðist vera svo lítið einn á báti þeir sem ætluðu að styðja við hann í þessu embætti hefðu brugðist, veikindi ofl. Talaði um óþarfa pirring í netheimum ætti að loka heimasíðu Kiwanis um helgar. Andrés spurði Guðmund um hug norðanmanna til umdæmisins , Guðmundur svaraði að það væri ánægja með störf umdæmisstjórnar og hefði verð í gegnum tíðina, hann vill hafa þrjár svæðisráðsfundi í svæðinu. Óskaði eftir að skýrslur sem umdæmisritari sendir mættu koma fyrir.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

Bjarni Vésteinnsson Það eru ellefu klúbbar í Freyjusvæði, flottir og hafa ekki þurft að leita til svæðisstjóra. Aðeins einn klúbbur sem er ekki virkur þar er mjög takmarkað starf, eru þó mjög áhugasamir um Tryggingarsjóð umdæmisins. Gott starf í svæðinu, félagafjöldi stendur í stað. Ber lof á umdæmisstjóra, hennar var sárt sakanað á síðasta svæðisráðsfundi Freyjusvæðis en hún var á svæðisráðsfundi hjá Óðinssvæði sem bar upp á saman dag. Bjarni sagði frá spurningum fá almennum félaga á svæðisráðsfundinum þar sem hann spyr hvort það sé ekkert sem gerist á Evrópuþingi eða heimsþingi sem snertir hinn almenna félaga og eins af hverju eru ekki stjórnarskipti í umdæminu höfð á þinginu.

Geir Þorsteinsson Hafi ekki tók á að vera á síðasta þingi. Hefur rætt við alla forseta um líðan félaga og starfsemi klúbba, allir í góðri starfsemi en hann hefur þó áhyggjur af tveimur klúbbum Mosfell og Búrfell. Í Mosfelli er meðalaldur 58 ár en trúlega er þeir að fá inn tvo nýja félaga, þarf að hlúa að þeim klúbb. Búrfell deyr eftir nokkur ár fullorðnir félagar og fáir, væri hægt að stofna nýjan klúbb til hliðar við Búrfell? Stefán forseti Ölvers hefur verið að brjóta upp fundi, fundað með Lions. Ós hefur fjölgað um tvo félaga þar sem af er starfsári. Geir kallar eftir fræðslu á næsta svæðisráðsfundi 12. apríl. Talaði um að það virkaði besta til að halda í nýja félaga að einhver tæki þá að sér. Þakkaði Dröfn fyrir að mæta á síðasta svæðisráðsfund Sögusvæðis á Selfossi og sagði gott starf vera í svæðinu.

Hildisif Björgvinsdóttir Svarað að skýrslur kæmu fyrr næst, þetta var frumraun og skýrslur ekki að skila sér til umdæmisritar á réttum tíma, en allir væru að læra á breytingar. Þakkaði svæðisstjórum fyrir snögg viðbrögð þegar leitað var til þeirra í að innheimta mánaðarskýrslur klúbba.

Kristján G. Jóhannsson Afsakaði að vera ekki með skýrslu. Það er ekkert komið um Evrópuþingið nema staðsetning, einnig er litið komið um heimsþingið 2015. Mun setja sig í sambandi við Dröfn og Gunnlaug fljótlega til að fara að vinna að þessum ferðum.

Guðmundur Skarphéðinsson Sendi bréf til allra klúbba um fjölgun. Ef samstarfsmenn í nefndinni eru óhressir þá bara hafa samband. Guðmundur er að útbúa bréf til forseta og vill að haft sé samband við sig, hefur fullann áhuga. Spyr hvort hægt sé að gefa afslátt á gjöldum, Sinawik á Siglufirði hefur áhuga að ganga í Kiwanis en þeim finnast gjöldin of há. Andrés spurði úr sæti um gögn og stefnumótun fjölgunarátaks Evrópu. Hjördís svaraði úr sæti að þau sem fóru á ráðstefnuna hefði fengið öll gögn.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

Ástbjörn Egilsson Þakkaði fyrir skýrslurnar þær væru misjafnar en það hefur alltaf verið svoleiðis, flestir eru að þoka því áfram sem þeim er treyst fyrir. Neikvæð umræða sumir ansi duglegir að viðhalda henni, það á ekki að leyfa mönnum að bulla á heimasíðunni, en við skulum ekki vera döpur yfir þessu hefur alltaf komið upp svona umræða af og til. Kiwanis er lifandi hreyfing og í sambandi við umdæmisstjórn, umdæmisþing ofl.

Óhamingjusamir félagar þurfa að finna blóraböggull, ekki fara að kenna örðum um þetta þegar staðið er upp af stólnum. Það er alltaf verið að tala um fjölgun líka þegar voru 45 klúbbar, það fjölgar ekki nema Kiwanisklúbburinn taki sér tak og fjölgar sér sjálfur. Jöklar og Búrfell munu deyja, og formaður fjölgunarnefndar er að gera sitt besta. Taka á neikvæðri umræðu.

Óskar Guðjónsson Talaði um mismun í skýrslu umdæmisritara og svæðisstjóra þarf að skoða. Sú neikvæðumræða sem er í gangi núna snýr ekki að núverandi umdæmisstjórn heldur gömul óánægja. Segist geta hent út því sem skrifað er á Facebook en kaus að gera það ekki, hægt að snúa við þessari umræðu. Hægt er að kalla saman aukafund umdæmisstjórnar og nota þá skype eða fjarfundabúnað ekkert sem bannar það eins og til að ræða tillögur frá Ragnari Erni Péturssyni. Hrósaði skýrslu frá Hjálmanefnd. Talaði um deyjandi klúbba, hægt er að stofna klúbba við hlið þeirra, hvar er krafturinn? Setberg, Hekla, Geysir í þessum klúbbum hefur ekki verið mikil fjölgun, þeir gætu gert átak í að stofna nýjan klúbb í sínum bæjarfélögum.

Guðmundur Karl Jóhannesson Þakkaði formanni fjölgunarnefndar fyrir gott starf og mun hafa samband við forseta um bréf fjölgunarnefndar. Veit ekkert um stöðuna hjá Súlum og kvartaði undan misræmi í skýrslum frá klúbbum og gagnagrunni umdæmisins.

Haraldur Finnsson Þakkaði Óskari fyrir hrósið. Fjölgun þarf að gerast inn í klúbbunum, ánægður með fjölgunarráðstefnuna í fyrri, þarf að fara í sjálfskoðun hjá klúbbum, þar eru félagar heimaríkir og engu má breyta þarf að taka á því. Saknaði niðurstöðu frá fjölgunarráðstefnunni til að hefjast handa, vindur farinn úr félögum eftir hálf t. ár niðurstöður þurfa að berast strax.

Arnaldur Mar Bjarnason Biðst afsökunar á útliti skýrslu. Þingnefnd á í vanda með undirbúning þings vegna umræðna um breytingar, eftir svæðisráðsfund hjá Ægissvæði þá fór hann í baklás með undirbúning. Vonar að ákvarðanir um breytingar á umdæmisþingi verði teknar fyrir á

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

Þessum fundi. Tíminn flýgur áfram og styttest í þing. Talaði um kostnað sem hefur vaxið mikið fyrir hinn almenna féлага d.t. kostnaður við að vera í Tryggingarsjóðnum er ¼ af félagsgjöldum, félagar sem komnir eru á eftirlaun hafa minna á milli handanna og því er þetta mikill kostnaður fyrir þá, ungt fólk sparar eftir kreppuna.

Jóhanna M. Einarsdóttir Þakkar formanni fjölgunarnefndar gott starf.

Umdæmisþing rætt á svæðisfundi Ægissvæðis, nýir félagar kvarta, niðurstöður koma 15. febrúar á næsta svæðisráðsfundi, niðurstöður verða sendar umdæmisstjórn. Á síðasta þingi skilaði bara einn hópur niðurstöðum úr umræðuhópum, þarf að passa að allar niðurstöður skili sér. Slá á fjármálaumræðuna kraumar of mikið, gjöldin okkar eru lág miðað við önnur félagasamtök. Talaði um Evrópu- og heimsping telur meira vera að gerast á heimspingum þar eru málsstofur, sagði frá málstofum sem hún hefur setið á heimspingi.

Björgheðin Jacobsen Minni okkur á að Færeyingar skilja ekki eins vel íslensku eins og Íslendingar og biður um að við tölum hægar. Talaði um að Tórshavn er ekki rétt skrifuð í Hvítu bókinni. Jólatrésalan gekk ekki vel en vonandi gengur betur næst.

Dröfn Sveinsdóttir Biður fundarmenn að tala hægar.

Bjarni Vésteinsson Kiwanis er kraftur er það ekki raunin? Sést á háralitnum ☺ Alltaf mæta félagar þrátt fyrir veikindi og aldur. Sú kynslóð sem er í hreyfingunni núna er félagslega kynslóðin, yngri kynslóðin er með nýtt viðmót net ofl. Breytt þjóðfélag á sl. 30 árum. Átaksverkefni unninn af færri félögum, ath. hvernig krafturinn getu blómstrað í þjóðfélaginu af fáum. Stafrænt þjóðfélag. Las grein sem heitir „Hefðbundin félagasamtök úrelt“ Orðsending til formanns Hjálmanefndar að Sverrir Ólafur Benjamínsson forseti Höfða ætlar að skipa mann í Hjálmanefndina.

Gunnlaugur Gunnlaugsson

Vegalengdir er hugarfar. Hefur verið að athuga með afmælisþing en ekki fengið neinar upplýsingar að utan. Gunnlaugur er búin að vera 40 ár í Kiwanis og alltaf hefur verið talað um fjölgun. Fjölgunarráðstefnan góð – frábær en vantaði að fylgja eftir niðurstöðum. Félagar eiga ekki að koma í pontu og afsaka sig allir að gera sitt besta.

Óskar Guðjónsson Benti á úr sæti að rangur fáni væri á veggnum fáni Kötlu en ekki fáni umdæmisins. Talaði um bækling sem Guðmundur var með um

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

fjölgun og að félagar væru að velta sér upp úr stafsetningarvillum frekar en innihaldi bæklingins.

3. Aðsend bréf

Bréf frá Hildi Björg Bæringsdóttur, frá Meetinreykjavik.is, þar sem verið er að bjóða aðstoð ef hreyfinginn hugsar sér að sjá um Evrópuþing.

Hagsmunasamtök heimilanna óska eftir fundi með fullrúum hreyfingarinnar til að ræða hagsmuni heimila.

Hreyfinginn fékk send þrjú jólakort.

Bréf frá Kiwanisklúbbum Drangey þar sem klúbburinn bíður fram Gunnsteinn Björnsson fráfarandi svæðisstjóra Óðinssvæðis til kjörumdæmisstjóra 2014-2015.

Dröfn gaf orðið laust til að ræða tillögu Drangeyjar.

Ástbjörn Egilsson spurði hvort þetta væri svar við bréfi umdæmisstjórnar þar sem óskað væri eftir tilnefningum? Dröfn sagði að engar tilnefningar hefðu komið þegar sent var út bréf frá umdæminu. Ekki var hægt að tilnefna Gunnstein fyrr þar sem hann hafði ekki leyfi til að bjóða sig fram þar sem hann hafði ekki lokið starfi sem svæðisstjóri. Ástbjörn sagði að það þyrfti að koma þessu í betri farveg svo viðkomandi hefði betri tíma til að undirbúa sig. Vel er hægt að leggja niður starf kjörkjörumdæmisstjóra það er ekki í öllum umdæmum, það er heldur ekkert sem bannar fráfarandi umdæmisstjórum að bjóða sig fram aftur. Samþykkt að Gunnsteinn Björnsson verður kjörumdæmisstjóri, senda bréf til allra klúbba um það og kalla eftir tilnefningu að eftir manni Gunnsteins.

4. Matarhlé

Fundi framhaldið kl. 12:30

5. Tillögur frá Ragari Erni Péturssyni

Umdæmisstjóri fór yfir tillögurnar og sagði svo hafa ákveðið að skipa fimm hópa til að fjalla um tillögurnar ofl.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

Hópur eitt fjallar um „Umdæmisþing og skipulag þeirra og hvernig hægt er að gera þingin áhugaverðari og árangursríkari fyrir hreyfinguna. Raunar allt undir sem snertir þingið“.

Í þessum hóp leggur hún til að verði Jóhann M. Einarsdóttir frá Vörðu, Birgir Sveinsson frá Helgafelli, Matthías G. Pétursson frá Setberg, Gísli Skarphéðinsson frá Kötlu og Guðrún Jóhannsdóttir frá Dyngju.

Hópur tvö fjallar um útgáfumál, Kiwanisfréttir, rafrænar eða ekki, hversu oft og allt sem snertir útgáfuna. Einnig um heimasíðu, útlit, efnisinnhald og hvað á að vera þar og hvað ekki.

Í þessum hóp leggur hún til að verði Óskar Guðjónsson frá Eldey, Gestur Halldórsson frá Höfða, Konráð Konráðsson frá Eldey, Þyrí Marta Baldursdóttir frá Sólborg og Gísli Valtýrsson frá Helgafelli.

Hópur þrjú fjallar um fjölgun og leiðir til fjölgunar og hvers vegna okkur hefur ekki orðið ágegn í fjölgun. Hvað er til ráða? Einnig um kynningar og markaðsmál og hvernig við getum fært þau til betri og skilvirkari vegar.

Í þessu hóp leggur hún til að verði Ragnar Örn Pétursson frá Keili, Guðlaugur Kristjánsson frá Eldey, Hjördís Harðardóttir frá Sólborg og Hafsteinn Gunnarsson frá Helgafelli.

Hópur fjögur fjallar um skipulag umdæmisstjórnarfundna, tíðni þeirra og þátttöku, þ.e. hverjir eiga að sitja fundina fyrir utan stjórnarfolk, einnig hvort sú breyting að setja ákvæði um framkvæmdanefnd í lög hefur skilað einhverju, og svo kostnað fund.

Í þessu hóp leggur hún til að verði Ástbjörn Egilsson frá Esju, Hildisif Björgvinsdóttir frá Sólborg, Sigurður R. Pétursson frá Heklu og Andrés Hjaltason frá Keili.

Hópur fimm fjallar um fyrirkomulag fræðslu og hvernig best verður staðið að henni. Hvernig við nýtum nútímatækni, einnig um fræðslu embættismanna umdæmisins.

Í þessu hóp leggur hún til að verði Sæmundur Sæmundsson frá Elliða, Benóný Arnór Guðmundsson frá Keili og Björn Ágúst Sigurjónsson frá Elliða.

Ástbjörn Egilsson List vel á þessa hugmynd, flottur farvegur. Gott að hafa svona fjölbreyttan hóp og gott að allir hafi svo möguleika á að ræða niðurstöður hópanna á þingi. Leggur til að bætt verði við einum hóp sem ræðir um fjármál. Gott svar við umræðum sem verið hafa.

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

Jóhann M. Einarsdóttir Líst vel á þessar tillögur, koma þeim á heimasíðuna svo félagar sjái hvað er verið að gera.

Óskar Guðjónsson Frábært framtak, leggur til að skipaðir verði formenn og saknar þess að sjá ekki Færeying í hóp þeirra sem tilnefndir eru. Passa að hafa sama fjölda í hverri nefnd. Dröfn fer í það að velja talsmann hópsins og kallar inn Færeying.

Hjálmar Finnsson Lýst vel á þetta, hefði mátt koma fyrr með tillöguna til fundarmanna. Leggur til að þeir sem eru pirraðir í klúbbum ættu að koma í hópana.

Andrés Hjaltason Lýsir ánægju sinni með þetta. Lítur á þetta sem kynningu frá framkvæmdaráði.

Gunnlaugur Gunnlaugsson Leggur til að þetta verði sett inn á heimasíðu og félögum gefið kost á því að bjóða sig fram í hópana.

Óskar Guðjónsson Óskar eftir því að tillagan verði send á fundarmenn.

6. Breytingar á gagnagrunni (Konráð Konráðsson)

Áður en Dröfn gaf Konráð orðið þá kom hún inn á hvað mörg blöð af Kiwanisfréttum hafa verið endursend þar sem klúbbar eru ekki að uppfæra gagnagrunninn. Konráð hafið hugsað sér að opna nýja gagnagrunninn og sýna okkur hann en því miður vorum við svo óheppin að verið var að uppfæra hann og því ekki hægt að fara inn og skoða. Þess í stað var hann með skjámyndir af vefnum og fór yfir hvað hægt er að gera og hvað hægt er að taka út af listum ofl. Íslenski gagnagrunnurinn er hannaður að látunum félaga og tók Konráð eftir lát hans við grunninum en tók vel í að fara í alheimsgrunn þar sem hann segir að það er dýrt að viðhalda svona grunni ef það er ekki félagi sem sér um hann. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að hver félagi hafi aðgang að nýja grunninum en í byrjun eru það ritara klúbbanna og umdæmisritari. Grunnurinn verður þýddur á íslensku ekki er vitað um hvort hann verður þýddur á færeysku. Allar þær upplýsingar sem við erum með í okkar grunni verða þarna fyrir utan kennitölu, ýmislegt fleira verður hægt að setja þarna inn. Næsta skref er að sena bréf í alla klúbba og fá nöfn tengiliða og kynna svo nýja grunnin í klúbbum, svæðisráðsfundum og þingi. Vonast er til að hægt verði að taka nýja grunnin í notkun 1. mars nk. og loka þá íslenska grunninum fyrir breytingar en hafa opin les aðgang.

7. Önnur mál

Dröfn umdæmisstjóri kallaði upp Björgheðin og bað hann um að taka við afmælis skjöld fyrir Eysturoy en þeir voru 10 ára þann 5. janúar sl. Hún sagði frá því að Hekla fékk ekki skjöld í tilefni 50. ára afmælisins 14. janúar sl. þar sem þeir afþakka allar gjafir og benda á MNT verkefnið. Í fjárhagsáætlun umdæmisins var gert ráð fyrir veglegri afmælisgjöf til Heklu og var það samþykkt á fundi framkvæmdaráðs að gefa fimmtíu þúsund í MNT verkefnið í tilefni afmælisins.

Ástbjörn Egilsson Búið að fara yfir ársreikning stýrtarsjóðs sem vísað var frá á síðasta þingi og á aðeins eftir að undirrita hann. Verður settur á heimsíðuna eftir undirritun og borinn upp á næsta þingi. Hann fór yfir sögu sjóðsins og sagði að bætt hefði verið við Gullstjörnu með rúbín, reiknar með að silfurstjarnan detti út. Fór yfir skýrsluna sína.

Ástbjörn fór því næst yfir í Stífkrampa verkefnið, sagði að Ísland ætti að safna 400,000\$ núna eru komnir 100.000\$ mikið er spurt um peninga frá Íslandi. 90.000 líf sem íslenskir Kiwanisfélagar hafa bjargað með söfnun í verkefnið. Sagði okkur að Óskar Guðjónsson er með í átaksstjórn. Fór yfir skýrsluna sína um verkefnið. Talaði um bækling sem á að dreifa í Kringlunni og heimabyggð Keyrir undir kjörorðinu Stöðvum stífkrampa. Unicef sér um kynningarmál. Það verður blaðamanna fundur og þar mun umdæmisstjóri ofl. vera. Allir félagar fá kynningu á svæðisráðsfundum. Andlit kynningarinnar verður vonandi Eivør Pálsdóttir, Nicolina ætlar að tala við Eivør um þetta. Við munum þurfa að borga eitthvað í auglýsingar en það er ekki til mikil peningur. Rætt um að komast í Kastljós eða fréttatengdan þátt. Þarf líka að vera lífandi á heimsíðu umdæmisins og heimsíðu Unicef. Loka áttak á þinginu og þá þarf líka að komast í fjölmiðla.

Stefán R. Jónsson kynnti sig sem talsmann fyrrum umdæmisstjóra og bauð fram að stoð þeirra. Stefán er hlynntur því að gefa áfram út Kiwanisfréttir á pappír. Spyr um stöðu og rekstur á húsinu? Eyþór svaraði því til að hann væri góður, einn klúbbur er að funda í húsinu og fleiri á leiðinni í haust, byrjað er að leigja salinn út fyrir fermingarveislur. Umdæmisféhirðir fundar reglulega með fjárhagsnefnd.

Tómas Sveinsson Ræddi um heimasíðuna og að það þurfi að uppfæra hana og skipta um útlit. Sagði að tveir klúbbar hefðu hætt með heimasíðu og eru bara á Facebook. Tómas hendir út mörgu af því sem sett er í spjalli um helgar. Hvatti til meiri notkunar á heimasíðunni.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

Geir Þorsteinsson þakkar fyrir að vera hér í dag, hnykkir á að passa vel upp á Búrfell. Minnti á svæðisráðsfund í Sögusvæði og er tilbúinn til að halda auka fund v/MNT verkefnisins.

Gunnlaugur Gunnlaugsson bað fundarmenn að klappa fyrir Eyþór umdæmisféhirði þar sem hann er búinn að vinna í húsinu fyrir hálfa milljón sem hann mun ekki rukka.

Óskar Guðjónsson fór yfir skoðunarkönnun sem hann sendi á félag, 132 svör hafa borist en könnunin verður opin í viku í viðbót. Sendir svo Tómasi niðurstöður til að birta á heimsíðunni. Spurði um val á þingstað 2016 Dröfn svaraði því að Akureyri væri inn í myndinni en ekki staðfest.

Andrés Hjaltson minnti á að senda upplýsingar til svæðisstjóra.

Umdæmisstjóri þakkaði fyrir góðan fund og sagði margar vera að fara með Heklufélögum í móttöku á Bessastöðum og svo í kvöldverð á Grand hótél sleit fundi kl. 14:20.

Hildisif Björgvinsdóttir
Umdæmisritari 2013 - 2014